



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2021

2102031SA KB  
Málalykill: 00.64

**Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), mál nr. S-31/2021.**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).

Fyrirhugaðar breytingar ná til laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008, laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, íþróttalaga, nr. 64/1998, æskulýðslaga, nr. 70/2007, laga um lýðskóla, nr. 65/2019, laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019 og laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985.

Samkvæmt áformaskjalinu er fyrirhugað að breyta gildandi lagaákvæðum fyrrgreindra laga þannig að heimilt verði að endurnýja sakavottorð með reglubundnum hætti en núgildandi ákvæði gera eingöngu ráð fyrir að hægt sé að afla sakavottorða við ráðningu. Lagabreytingunni er ætlað að stuðla að auknu öryggi barna og ungmenna með því að tryggja vinnuveitendum heimild til að kalla eftir upplýsingum eftir að ráðningarsamband hefst.

### Afstaða sambandsins

Líkt og fram kemur í áformaskjalinu sendi sambandið erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem gerð var tillaga um fyrrgreindar breytingar á lögum um leik- og grunnskóla. Málið er til komið vegna ábendinga um að bagalegt sé að vinnuveitendur þeirra aðila sem starfa með börnum geti ekki aflað upplýsinga úr sakaskrá nema við ráðningu. Þannig getur það komið til að starfsmenn brjóti af sér og fari á sakaskrá eftir ráðningu án þess að vinnuveitandi geti aflað upplýsinga um það.

Með vísan til framangreinds er sambandið fylgjandi fyrirhuguðum breytingum en leggur áherslu á að fá aðkomu að útfærslu ákvæða. Nauðsynlegt er að samræma orðalag t.d. varðandi það hvort talað er um að fá sakavottorð eða afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá þarf að taka afstöðu til þess til hvaða brota er vísað. Í grunnskólalögum er vísað til þess að ekki megi ráða starfsmann sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla (kynferðisbrotakafli) almennra hegningarlaga. Í 26. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi er einnig vísað til þess að ekki megi ráða einstakling sem hlotið hefur refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla en auk þess eru 211. gr. (manndráp) og 218. gr. (stórfelld líkamsárás) almennra hegningarlaga tilgreindar. Þá er tekið fram að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skuli meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að

gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir auknu álagi á starfsfólk Sakaskrár og þarf að ganga úr skugga um að hægt verði að anna auknum fjölda beiðna um upplýsingar um sakarferil án þess að komi til gjaldtöku. Þá getur útfærsla ákvæða einnig haft áhrif á mat á kostnaði fyrir sveitarfélög og er því jafnframt minnt á nauðsyn þess að áhrif breytinganna verði kostnaðarmetin.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri